

36. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi lagaákvæði:

1. Opið bréf frá 12. mars 1870 handa Íslandi um, að þeir, sem senda inn bænarskrár og kæruskjöl, geti fengið álitsskjölin um málið fellur niður.
2. 3. másl. 2. mgr. 14. gr. áfengislaga, nr. 82 2. júlí 1969, fellur niður.
3. 25. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 94 20. maí 1976, fellur niður.
4. 2. másl. 2. mgr. 31. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46 13. maí 1977, fellur niður.
5. Í 1. mgr. 2. gr. þinglýsingalaga, nr. 39 10. maí 1978, falla niður orðin „ef það veitir honum sjálfum rétt eða leysir hann undan skyldu eða slíku gegnir um ættmenni hans að feðgatali eða niðja eða jafnmægða. Sama er, ef þinglýsingin varðar hann eða fyrrnefnda venslamenn hans verulega fjárhagslega“. Í þeirra stað kemur: ef hann er vanhæfur samkvæmt stjórnvísulögum.
6. 3. mgr. 8. gr. byggingarlaga, nr. 54 16. maí 1978, fellur niður.
7. 4. mgr. 29. gr. og 3. másl. 1. mgr. 30. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81 3. ágúst 1988, falla niður.
8. 2. másl. 74. gr. barnalaga, nr. 20 22. maí 1992, fellur niður og í stað hans kemur: Sýslumaður getur ákveðið í úrskurði að kæra fresti réttaráhrifum hans.
9. Við 5. gr. laga um yfirskattanefnd, nr. 30 27. maí 1992, bætist svohljóðandi málsgrein: Kæra til yfirskattanefndar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

nr. 38

4. maí 1993

LÖG

**um breyting á lögum um meðferð opinberra mála,
nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 2. mgr. 27. gr. laganna falla brott orðin „falin eru“.

2. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 28. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

1. Lögreglustjórum er heimilt að höfða opinber mál að fenginni almennri ákvörðun ríkissaksóknara enda liggi ekki þyngri viðurlög við broti en sektir, upptaka eigna, varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum. Heimild þessi tekur einnig til málshöfðunar vegna brota:

- a. gegn lögum um ávana- og fíkniefni,
 - b. gegn áfengislögum,
 - c. gegn tollalögum,
 - d. gegn lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda,
 - e. gegn lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun,
 - f. gegn 219. gr. almennra hegningarlaga ef brot tengist umferðarlagabroti og 1. mgr. 259. gr. sömu laga að því er tekur til nytjastuldar á bifreið og öðrum vélknúnum farartækjum en skipi og flugfari.
3. mgr. 28. gr. laganna verður 2. mgr. og á undan henni kemur: 2.

3. gr.

Í 1. mgr. 85. gr. laganna fellur brott orðið „ákærandi“, en í stað þess kemur: sá sem rannsókn stýrir, svo og ríkissaksóknari.

4. gr.

Í 1. másl. 2. mgr. 115. gr. laganna falla brott orðin „hann hefur“, en í stað þeirra kemur: honum hefur verið falið.

5. gr.

2. másl. 1. mgr. 120. gr. laganna orðast svo: Jafnframt gefur hann svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en þremur vikum eftir að hann fær í hendur ákæru, út fyrir kall á hendur ákærða sem greini stað og stund þingfestingar ásamt áskorun til hans um að sækja þing.

6. gr.

3. mgr. 120. gr. laganna orðast svo:

3. Við birtingu ákæru og fyrir kalls skal ákærði spurður hvort hann óski eftir verjanda og þá hverjum ef því er að skipta. Skal afstöðu ákærða getið í vottorði um birtinguna. Ákærði getur þó frestað að taka ákvörðun um verjanda þar til málið er þingfest.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.